




Búnaðarsamband Suðurlands
www.bssl.is




**Skýrsluhald í
nautgripærækt III**
HUPPA –
leiðbeiningar um
notkun

HUPPA – Nýtt skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt

Leiðbeiningar um notkun

Vefskýrsluhaldskerfið HUPPA er hluti af neti innskráningarkerfa og gagnagrunna sem allir leggja gögn á miðlæga grunninn KÝR. HUPPA er sá hluti kerfisins sem hannaður er til að þjóna þörfum bænda og ráðunauta varðandi skýrsluhald í nautgriparækt og vinnur með gögn úr KÝR.



*AFURÐ er grunnur sem inniheldur upplýsingar frá sláturleyfishöfum. MARK er einstaklingsmerkingagrunnurinn. FANG er sæðingakerfi er heldur utan um skráningar frjótækna og BASSI er kynbótamatsgrunnur.

1. Innskráning

Innskráningarsíða kerfisins birtist ef farið er á slóðina www.huppa.is



Slá þarf inn notendanafn og lykilorð og við það fær viðkomandi aðgang að vefskýrsluhaldskerfinu og þeim notkunarmöguleikum sem það býður upp á fyrir hvern skilgreindan hóp notenda.

Sama notendanafn og aðgangsorð er inn á HUPPU eins og inn í MARK.

Bændur fá aðgang að þeim búum sem þeir eru skráðir umsjónarmenn yfir. Sé aðeins um eitt bú að ræða, eins og er í flestum tilfellum, komast notendur beint inn á sitt bú.



Efst til hægri á síðunni er kassi sem sýnir notendaupplýsingar. Til að skrá sig aftur út úr kerfinu er smellt á “Útskrá”

1.1 Upphafssiða




Hafi notandi aðgang að fleiri en einu búi þarf að byrja á að velja vinnslubú með því að slá inn búsnúmer eða skýrsluhaldsnúmer í gluggan “**Vinnslubú**” og smella á “**Áfram**”

2. Nokkrir gagnlegir hlutir

HUPPA er uppbyggð þannig að gegnumgangandi eru ákveðnir verkferlar sem eiga við um flest það sem hægt er að gera í HUPPU.

2.1 Valmynd


Vinstra megin á skjánum er valmynd sem sýnir þá valmöguleika er notandi hefur aðgang að. Lítill grár þríhyrningur aftan við valmöguleika segir til um að fleiri valmöguleikar séu undir þessari fyrirsögn. Sé smellt á gráa þríhyrninginn fyrir aftan heiti valmöguleika stækkar valmyndin og sýnir þá mögulegar vinnslur sem tilheyra hverri yfir-valmynd. Til að minnka valmyndina er smellt aftur á gráa þríhyrninginn.



2.2 Leitarbox og raðanir

Í flestum listum og skýrslum, sem hægt er að kalla fram í HUPPU, sjást svokölluð leitarbox efst í haus listans. Þar er einnig hægt að velja ýmsar aðrar raðanir en upphafsstillingin kallar fram

Sömu reglur gilda um þessi leitarbox og uppraðanir hvar sem þau koma fram.

A screenshot of a search box and sorting options for a list of 'Gripir'. The search box is highlighted with a red border. Below it, there are sorting options: 'Fyrri Síða 1 af 14 Næsta | 140 færslur | 10 á síðu'. Below the search box, there are columns for 'Gripanúmer', 'Nafn', 'Valnúmer', and 'Fæðingardags.'. There are also 'Frá:' and 'Til:' fields with calendar icons.

Þegar kallaður er fram listi eða skýrsla kemur heiti listans eða skýrslunnar efst. Hér að ofan sést efsti hluti gripalista sem sýnir yfirlit yfir gripi búsins. Neðan við heiti listans eru flettimöguleikar milli síðna og valmöguleiki þar sem hægt er að velja hversu margar færslur eru á hverri síðu.

Hér sést síða 1 af 14 og með því að smella á bláa textan “Næsta” er hoppað yfir á næstu síðu. Til að fara á fyrri síðu er hægt að smella á bláa textann “Fyrri”. Hér sést líka að í heildina eru 140 færslur á listanum og 10 færslur sjást á hverri síðu.

Gripir

Fyrri Síða 1 af 14 Næsta | 140 færslur | 10 á síðu

<u>Gripanúmer</u>	<u>Nafn</u>	<u>Valnúmer</u>	<u>Fæðingardags.</u>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	Frá: <input type="text"/>
			Til: <input type="text"/>

Listahausinn sjálfur inniheldur dálkaheiti og undir þeim má gjarnan finna svoköllu leitarbox.

Dálkaheitin eru ýmist blá og undirstrikuð eða svört. Öll dálkaheiti, sem eru bláletruð og undirstrikuð, er hægt að smella á og fá þannig röðun eftir viðkomandi dálki. Sem dæmi má nefna að samkvæmt grunnstillingu gripalista er honum raðað eftir gripanúmerum en með því að smella t.d. á dálkaheitið valnúmer fæst uppröðun á gripalistanum eftir valnúmerum gripa. Á þennan hátt er hægt að raða listum og skýrslum eftir mismunandi forsendum.

Einnig er hægt að leita í listum og skýrslum. Hægt er að leita eftir öllum forsendum þar sem leitarbox er undir dálkaheiti. Leitarskýrði eru skrifuð í leitarboxið og smellt á hnappinn “Leita.”

<input type="button" value="Endurstilla"/>	<input type="button" value="Byrja aftur"/>	<input type="button" value="Leita"/>
<u>Framleiðsla</u>	<u>Staða</u>	
<input type="text" value="---"/>	<input type="text" value="---"/>	

Þar sem reitir eru fyrir dagsetningar fylgja þeim lítil dagatalsmynd aftan við reitinn og ef smellt er á myndina opnast dagatal eins og sést hér að neðan. Dagatalið opnast í yfirstandandi mánuði og er dagurinn í dag blámerktur. Hægt er að fletta á milli mánaða með því að smella á einföldu örina í dagatalshausnum. Ef smellt er á tvöföldu örina flyst dagatalið eitt ár fram í tímann. Dagsetning innan mánaðar er síðan valin með það að smella á viðkomandi dag í dagatalinu.


2.3 Dagatöl

<u>Fæðingardags.</u>	
Frá: <input type="text"/>	<input type="button" value="Calendar"/>
Til: <input type="text"/>	
10. okt 2000	
-	
04. okt 2000	
-	
14. okt 2000	

?		október, 2008						x	
		Í dag							
vk	Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau		
39				1	2	3	4		
40	5	6	7	8	9	10	11		
41	12	13	14	15	16	17	18		
42	19	20	21	22	23	24	25		
43	26	27	28	29	30	31			
		Veldu dag							


2.4 Aðgerðir úr listum eða skýrslum

Lítill hringur, með þríhyrning inni í, sést oft aftast í línu hjá gripum eða í færslulistum. Þetta táknar að hægt sé að gera aðgerðir við viðkomandi grip eða færslu. Ef smellt er á þríhyrninginn opnast lítill gluggi sem sýnir þá möguleika sem eru í boð og til að velja aðgerð er smellt á textann í glugganum



2.5 Flettistukur

Ef ör á ljósbláum grunni sést aftast í skráningarreit táknar það að fyrirfram ákveðnir skráningarmöguleikar séu fyrir hendi og að þá sé hægt að velja úr flettilista. Til að kalla fram flettilista er smellt á örina og viðeigandi skráning valin.

A screenshot of a search form titled 'Burður'. The form has three main sections: 'Móðir' with a text input field and an information icon; 'Burðardagur (dd.mm.áááá)' with a date picker; and 'Kyn' with a dropdown menu. The dropdown menu is open, showing options: '--', 'Naut', 'Kvíga', and 'Óþekkt'. Below the form is a 'Leita' button.

3. Notandi

Undir fyrirsögninni “Notandi” í valmyndinni vinstra megin eru upplýsingar og stillingar notanda, auk þess sem skilaboð til notanda eru aðgengileg þar.

3.1 Upplýsingar um bú

Upplýsingar um búíð - Hvanneyri - 1338531

Búíð **Umráðamaður**

Búsnúmer
1338531

Skýrsluhaldsnúmer
350513

Heiti
Hvanneyri

Sveitarfélag
3510Borgarfjarðarsveit

Skýrsluhald
Já

Upphaf skýrsluhalds
01.01.2008

Mjaltarkerfi
Óskilgreint

[← Til baka](#) [✎ Breyta](#)

Hér eru birtar grundvallarupplýsingar um búíð annars vegar og umráðamann búsinns hins vegar. Ekki er hægt að breyta neinum grunnupplýsingum um búíð sjálft en hægt er að breyta möguleikanum mjaltakerfi sem er fyrsti þátturinn af mörgum sem verða settir inn í grunnupplýsingar búsinns og verða á ábyrgð hvers notanda að skilgreina og uppfæra.


3.2 Mínar upplýsingar

Hér birtast upplýsingar um búið sjálf þar sem fram kemur hver skráður er fyrir búinu, ásamt kennitölu, heimilisfangi og síma. Hægt er að gefa upp annað heimilisfang umráðamanns.

Mínar upplýsingar - hvanneyri	
Nafn Bændaskólabú á Hvanneyri	Kennitala 5001693979
Póstnúmer 311	Heimilisfang Hvanneyri
Annað pósthúmer 311	Annað heimilisfang Hvanneyri
Sími 4370231	Farsími 6590232
Vinnusími -	Netfang -

 [Breyta upplýsingum](#)  [Breyta lykilorði](#)

Notandi getur sjálfur breytt upplýsingum um annað heimilisfang, sem gefið er upp, og síma og netfang með því að velja að “**breyta upplýsingum**”. Við það opnast lítill gluggi þar sem hægt er að breyta texta í viðkomandi reitum og velja síðan að “**vista upplýsingar**”



Loka (Esc)

Nafn Bændaskólabú á Hvanneyri	Kennitala 5001693979
Póstnúmer 311	Heimilisfang Hvanneyri
Annað pósthúmer 311 Borgarnes	Annað heimilisfang Hvanneyri
Sími 4370231	Farsími 6590232
Vinnusími 	Netfang

Notandi getur einnig valið að breyta lykilorði inn á HUPPU ef hann kys svo með því að velja að “**Breyta lykilorði**” og opnast þá sams konar gluggi og þegar valið var að breyta upplýsingum. Skrá þarf nýja lykilorðið tvisvar áður en valið er að “**Breyta lykilorði**”

3.3 Mínar stillingar

Notandi getur sjálfur stillt nokkra þætti innan kerfisins, s.s. röðun gripa í gripalista, fjöld þeirra gripa sem birtast í einu o.fl. Ákveðnar upphafsstillingar eru í kerfinu sem gilda ef ekkert er valið af notenda sjálfum, s.s. 10 gripir á síðu.

Til að velja sjálfur stillingar er farið inn í “**Mínar stillingar**” í valmyndinni



Mína stillingar

Mjólkurskýrslur Gripir

Raða nýjum skýrslum eftir:

Valnúmeri

Skrá kjarnfóður:

Já

Breyta stillingum

Þar er annars vegar hægt að stilla Mjólkurskýrslur og hins vegar gripalista. Hægt er að velja að raða mjólkurskýslum eftir gripanúmeri, valnúmeri eða nafni grips. Einnig er hægt að velja að skrá kjarnfóður eða ekki. Sé valið að skrá kjarnfóður verður það grunnstilling á mjólkurskýrslum og ekki þarf að velja það sérstaklega í hvert skipti sem valið er að skrá skýrslu.

Til að stilla gripalista er smellt á flipann gripir og opnast þá svipuð valmynd til stillinga á gripalista.

Mína stillingar

Mjólkurskýrslur Gripir

Raða gripalista eftir:

Valnúmeri

Fjöldi gripa á síðu:

Allt

Breyta stillingum

Hægt er að láta raða gripalista eftir gripanúmeri, valnúmeri eða nafni og velja hversu margir gripir birtist á síðu í upphafsstillingu. Til að vista þær stillingar, sem notandi hefur valið, er smellt á **“Breyta stillingum.”**

4. Míkir gripir

- Míkir gripir ▲
- Gripalisti
- Skrá afdrif
- Skrá burð
- Skrá fang
- Staðfesta slátrun
- Burðarsaga
- Flutningssaga
- Sæðingarsaga

Ef smellt er á “Míkir gripir” í valmyndinni koma í ljós valmöguleikarnir “Gripalisti”, “Skrá afdrif”, “Skrá burð”, “Skrá fang”, “Staðfesta slátrun”, “Burðarsaga”, “Flutningssaga” og “Sæðingarsaga”

4.1 Gripalisti

Gripalisti sýnir þá gripir sem skráðir eru á búið. Upphafsstilling sýnir lifandi gripir og er þeim raðað eftir gripanúmeri. **Það er mjög mikilvægt að farið sé vandlega yfir gripalistann í upphafi til að ganga úr skugga um að allir gripir hafi skilað sér úr gamla kerfinu.** Látið strax vita ef eitthvað er athugavert við gripalistann svo að hægt sé að laga hann og vinna frá byrjun með réttan gripalista.

Gripnúmer	Nafn	Valnúmer	Fæðingardags.	Móðir	Kyn	Framleiðsla	Staða
			Frá: 09.08.2008 Til: <input type="text"/>		---	---	Lifandi
1268	-	1268	11. ágú 2008	1074 Terta	Naut	Ekkert	Lifandi
1269	-	1269	17. ágú 2008	0014 Randa	Naut	Ekkert	Lifandi
1270	-	1270	17. ágú 2008	1157 Feykja	Naut	Ekkert	Lifandi
1271	-	1271	25. ágú 2008	0018 Leti	Naut	Ekkert	Lifandi
1272	-	1272	26. ágú 2008	1105 Stjarna	Naut	Ekkert	Lifandi
1273	-	1273	06. sep 2008	0052 Bomba	Naut	Ekkert	Lifandi
1274	-	1274	05. sep 2008	1156 Aþena	Kvíga	Ekkert	Lifandi
1275	-	1275	09. sep 2008	1162	Kvíga	Ekkert	Lifandi
1276	-	1276	11. sep 2008	1079 Jóna	Kvíga	Ekkert	Lifandi

Dálkar í gripalista og raðanir

Endurstilla Leita

Kyn **Staða**

Kýr

Kýr

Dauður

Lifandi

Dauður

Óþekkt

Dauður

Hægt er að fá uppröðun eftir öðrum efnisflokkum með því að smella dálkaheitin “**Nafn**”, “**Valnúmer**”, “**Fæðingardags.**” o.s.frv. Einnig er hægt að velja úr flettistikum fyrir dálkana “**Kyn**” og “**Staða**” og fá þannig allar kýr, alla dauða gripa o.s.frv. Einnig má finna einstaka gripa með því að skrifa leitarskýrði í reitina gripanúmer, nafn o.s.frv. Til að framkalla nýtt val þarf að

smella á “**Leita**” en til að endurstilla listann í upphafsstöðu þarf að smella á hnappinn “**Endurstilla**”

Gripir

Fyrri Síða 1 af 15 Næsta | 146 færslur | 10 á síðu

Gripnúmer Nafn

0001

10

30

50

100

Allt

Upphafsstilling sýnir **10** á síðu en hægt er að breyta því með því að velja úr flettistiku valmöguleikana **30**, **50**, **100** gripir á síðu eða **Allt** en þá koma allir gripir á gripalista.

Einnig má hoppa milli síðna með því að slá inn nýja síðutölu í reitinn síða eða velja “**Næsta**” til að flytja sig á næstu síðu í listanum.

Endurstilla Leita

Staða

Lifandi

Lifandi

Skoða nánar

L Breyta

L Myndir

L Skrá fang

L Skrá afdrif

L Skrá burð

Lifandi

Hægt er að fara beint í að framkvæma aðgerðir úr gripalista. Þá er einfaldlega smelt á örvaðhnappinn sem er aftan við hvern grip í gripalistanum og opnast þá flettigluggi sem sýnir þá valmöguleika sem eru í boði.

Opnast þá aðgerðargluggi fyrir þann grip sem valinn var.

Skrá fang, afdrif og burð (sjá leiðbeiningar um slíkar skráningar hér á eftir.

Einnig er hægt að setja inn myndir af gripum með því að velja “**Myndir**”. Hægt er að skoða nánar upplýsingar um gripinn eða breyta upplýsingum um gripinn.

Skoða nánar

Ef valinn er möguleikinn “**Skoða nánar**” opnast síða sem gefur nánari upplýsingar um viðkomandi grip. Með því að smella á mismunandi flipa er hægt að sjá **Flutningssögu, Sæðingasögu, Burðarsögu, Mjaltakúrfu, Uppgjör síðustu 12 mánaða, Sýnayfirlit og ættartré gripsins**. Hafi verið sett inn mynd af gripnum birtist hún við hlið gripaupplýsinganna og hægt er að smella á hana til að stækka. Blámerktan texta er einnig hægt að smella á og þannig skoða upplýsingar um t.d. foreldra eða afkvæmi.

Skoða grip - 0035 Viðja

Gripaupplýsingar	Flutningssaga	Sæðingarsaga	Burðarsaga	Mjaltakúrfa	Uppgjör 12 mán.	Sýni	Ættartré
Nafn Viðja	Kyn Kýr						
Einstaklingsnúmer 200213385310035	Einkenni Kollótt						
Gripanúmer 0035	Stofn -						
Valnúmer 0035	Litur Rauð, einlit						
Móðir 0575 Litla-Stjarn	Staða Lifandi						
Faðir 099012 Kátur	Framleiðsluform Mjólk						
Fæðingardagur 05.01.2002	Búfjárstofn						
Fæðingarbú Hvanneyri							

 [Breyta](#)

Breyta gripaupplýsingum

Hægt er að breyta gripaupplýsingum með því að velja aðgerðina “**Breyta**” beint úr gripalista eða velja möguleikann “**Breyta**” í gripaupplýsingum.

Breyta grip - 1338531-0014 - Randa		
Nafn Randa	Kyn Kýr	Búfjárstofn Íslenskt <input type="checkbox"/> %
Gripanúmer 0014	Einkenni 1, Kollótt ▼	Aberdin Angus <input type="checkbox"/> %
Valnúmer 0014	Stofn -	Galloway <input type="checkbox"/> %
Móðir 1338531-0410 Friða	Litur 40, Bröndótt, einlit ▼	Limosine <input type="checkbox"/> %
Faðir 92021 Beri	Staða Lifandi	
Fæðingardagur 09.02.2001	Framleiðsluform 1, Mjólk ▼	
Fæðingarbú Hvanneyri		

Vista Hætta við


Opnast þá lítill gluggi þar sem upplýsingar um gripinn sjást. Ekki er hægt að breyta grunnupplýsingum, s.s. ætternisupplýsingum, fæðingardegi eða gripanúmeri. En mögulegt er að breyta **Nafni**, **Valnúmeri**, **Einkenni**, **Lit** og **framleiðsluformi**, auk þess sem hægt er að setja inn hlutfall búfjárstofns til að aðgreina hvort um hreinan íslenskan stofn eða einhvers konar holdablendinga er að ræða.

Framleiðsluform er nýr valmöguleiki í skráningu á gripum ef miðað er við eldra skýrsluhald. Er þetta hugsað til þess að hægt sé að skilgreina kálfsugur og aðrar kýr sem af einhverjum ástæðum eru ekki í mjólkurframleiðslu á búinu. Allar kýr, sem komu sem mjólkandi kýr úr eldra skýrsluhaldskerfi, hafa sjálfkrafa fengið framleiðsluformið mjólk og frá og með miðjum september 2008 eiga allar kvígur á búum í skýrsluhaldi að fá sjálfkrafa framleiðsluformið mjólk við fyrsta burð. Það er þó mikilvægt að vera á varðbergi ef kvígur koma ekki sjálfkrafa inn á skýrslu við fyrsta burð, því að líklegasta ástæða fyrir því er að þær séu ekki merktar með framleiðsluformið mjólk. Ef taka á grip út af mjólkurskýrslu þarf að breyta framleiðsluformi í “**Kjöt**”


Til að skrá breytingarnar er valið að “**Vista**”.

Myndir

Hægt er að setja in myndir af gripum með því að velja aðgerðina “Myndir” úr gripalista. Opnast þá gluggi þar sem hægt er að velja myndir af heimatölvu með því að smella á “**Browse**”.



Við það opnast Windows-vafrinn í tölvunni þar sem hægt er að smella sér leið fram og til baka í þeim skráarsöfnum sem geymd eru í tölvum hvers og eins og þannig velja þá mynd sem setja á inn.




Myndin er vistuð með því að smella á “**Bæta við mynd**” Myndin birtist þá við hlið gripaupplýsinganna um gripinn og með því að smella á myndina er hægt að sjá hana í stærri útgáfu

Skoða grip - 1338531-0005 - Gæfa

Gripaupplýsingar	Flutningssaga	Burðarupplýsingar	Mjaltakú
Nafn Gæfa	Kyn Kýr		
Gripanúmer 0005	Einkenni Kollótt		
Valnúmer 0005	Stofn -		
Móðir 1338531-0605 Skjalda	Litur Ljósrauð, húfótt		
Faðir 1338531-0817	Staða Lifandi		
Fæðingardagur 01.11.2000	Framleiðsluform Mjólk		
Fæðingarbú Hvanneyri	Búfjárstofn		

 [Breyta](#)



4.2 Skrá afdrif

Eins og áður sagði er hægt að velja aðgerðir beint úr gripalista en einnig er hægt að velja “**Skrá afdrif**” úr valmyndinni hægra megin

- Míkir gripir ▲
- Gripalisti
- Skrá afdrif
- Skrá burð
- Skrá fang
- Staðfesta slátrun
- Burðarsaga
- Flutningssaga
- Sæðingarsaga



Við það opnast valmynd afdrifaskráningar: Reitir sem nauðsynlegt er að fylla út í eru merktir með (*)

Hafi verið valið að skrá afdrif beint út gripalista opnast afdrifaskráningin með fullu gripánúmeri grips eins og sést hér að neðan

Skrá afdrif

➔ Afdrif

* Gripur
200113385310014 0014 Randa

* Dagsetning (dd.mm.áááá)

* Afdrif
--

🚚 Flutningur

Afurðastöð

Slátrað heima

Vista

Sé hins vegar valið að skrá afdrif úr valmyndinni vinstra megin er gripánúmer slegið inn í reitinn gripur og bendillinn fluttur í næsta reit með því að ýta á **TAB** eða nota músina.

Sé gripur með þessu númeri til er hann sóttur í gripalistann. Númer og nafn gripsins kemur við hlið reitsins.

Skrá afdrif

➔ **Afdrif**

* Gripur
 ✔ 0025 Krafla

Sé viðkomandi gripur ekki til sem lifandi gripur í gripalista, kemur viðvörðunartextinn **“Enginn gripur fannst”** þar sem ekki er hægt að skrá afdrif á gripi sem eru nú þegar dauðir eða ekki til á lista

➔ **Afdrif**

* Gripur
 ! Enginn gripur fannst

Þegar búið er að velja grip er dagsetning förgunar skráð. Það má gera með því að slá inn dagsetninguna eða velja hana úr dagatali sem kemur upp ef smellt er á dagatalsmerkið vinstra megin við reitinn **“Dagsetning”**.

Skrá afdrif

➔ **Afdrif**

* Gripur
 ✔ 0025 Krafla

* Dagsetning (dd.mm.áááá)

* Afdrif

Vista

mars, 2008						
Í dag						
vk	Sun	Mán	Pri	Mið	Fim	Fös
8						1
9	2	3	4	5	6	7
10	9	10	11	12	13	14
11	16	17	18	19	20	21
12	23	24	25	26	27	28
13	30	31				

Veldu dag

* Afdrif

--

1, Beinaveiki
 2, Júburbólga
 3, Kýrin heldur ekki
 4, Spenastig
 5, Áföll við burð
 6, Lélegar afurðir
 7, Elli
 8, Bráðadauði
 9, Drapst af slysförum
 10, Spenagallar
 11, Júrgallar
 12, Skapgallar
 13, Aðlögun að framleiðsluheimildum
 15, Óþekkt
 16, Gallar í mjöltun

Reiturinn **Afdrif** hefur flettiglugga þar sem hægt er að velja þá ástæðu sem tilgreina á vegna förgunar gripsins. Afdrif eru valin með að smella með músinni á það sem við á. Vert er að benda á að nú er einnig hægt að velja afdrifin **“Unggrip slátrað”** þegar verið er að farga ungum gripum sem aldir hafa verið til kjötframleiðslu

Séu afdrif gripsins, **“Drapst af slysförum”**, **“Óþekkt”** eða **“Bráðadauði”** telst skráningu lokið og hægt er að vista færsluna.

* Afdrif

5, Áföll við burð

Flutningur

Afurðastöð

--

--

B.Jensen ehf

Borgarnes-Kjöttvörur ehf

Fjallalamb hf

Kaupfélag Skagfirðinga

Norðlenska Höfn

Sláturfélag Austurlands fsf

Sláturfélag Suðurlands svf

Sláturfélag Vopnfirðinga hf

Sláturhús Hellu hf


Sláturhús KVH ehf

Sláturhús Norðlenska ehf

Sláturhúsið í Búðardal ehf

Stjörnugrís hf

Sölufélag A-Húnvetninga svf



Hafi aðrir afdrifalyklar, en þeir sem nefndir eru hér að ofan, verið valdir, er gert ráð fyrir að gripurinn hafi verið sendur á sláturhús. Þá er nauðsynlegt að skrá þá afurðastöð er tekur við gripnum. Hægt er að velja afurðastöð úr flettiglugga. Athugið að ef verið er að skrá afdrif löngu eftir raunverulega förgunardagsetningu er ekki nauðsynlegt að velja afurðastöð og skráist afdrifafærslan þá með óþekktri afurðastöð.

Einnig er hægt að haka við slátrað heima í þeim tilfellum þar sem grip hefur verið fargað heima á búinu og er þá ónauðsynlegt að velja afurðastöð

Þegar afdrifaskráningu er lokið má “Vista” færsluna.

4.3 Skrá burð

Burð má skrá beint úr gripalista með því að velja “Skrá burð” eða velja “Skrá burð” úr valmynd undir “Mínir gripir”. Við það opnast valmyndin “Skrá burð”

Skrá burð

→ Burður

* Móðir
25 0025 Krafla

* Burðardagur (dd.mm.áááá)

* Kyn
--

* Afdrif
--

* Faðir

Leita

Vista Fleirkelfingur

Líkt og við afdrifaskráningu er númer grips slegið inn og er sannreynt hvort hann sé í raun og veru til í lista yfir lifandi gripi.

Hafi “Skráning á burði” verið valin beint úr gripalista kemur númer viðkomandi grips sjálfkrafa inn.

Burðardagur er valinn líkt og áður hefur verið lýst.

Kyn kálfsins er valið úr flettistiku sem og afdrif.

Skrá þarf föður kálfsins. Hægt er að slá inn númer nautsins eða nota leitarvél sem opnast ef smellt er á **Leita** og setja inn viðeigandi leitarskilyrði.

Loka (Esc)

Nauta leit

Leitarstrengur
boli

Bú




Leita

Fann 22 naut

Gripn.	Nautanr.	Nafn	Ár.	Bú	Velja
0963	94963	Heimaboli	1994	Skálafell 1, Borgarhafnarhreppur	Velja
0156	98156	Boli	1998	Skipholt 1, Hrunamannahreppur	Velja
0272	07165	Boli	2007	Lágafell, Austur-Landeyjar	Velja

Framhald skráningar veltur á hver afdrif kálfsins eru. Hafi kálfurinn fæðst dauður eða drepist skömmu eftir burð er frekari skráninga ekki krafist. Hafi kálfurinn hins vegar verið settur á eða sendur í sláturhús er viðbótarskráningar þörf.

Hafi afdrifin verið skráð sem “**Sendur í sláturhús**” kemur krafa um skráningu á afurðastöð þar sem sams konar flettigluggi er og í afdrifaskráningu.

* Afdrif
<input type="text" value="3, Í sláturhús"/>
* Faðir
<input type="text" value="98036"/>  98036 Umbi
Leita
 Flutningur
Dagssetning (dd.mm.áááá)
<input type="text" value="07.03.2008"/> 
Afurðastöð
<input type="text" value="--"/>
<input type="button" value="Vista"/> <input type="button" value="Fleirkelfingur"/>

Hafi kálfurinn verið settur á annað hvort á heimabúi eða seldur.

Skrá þarf **Gripanúmer**, **Nafn**, **Einkenni**, **Stofn** og **Lit**

Næsta lausa númer í númeraröð er tilgreint við hlið skráningarreits fyrir gripanúmer og hægt er að smella á númerið til að velja það sem gripanúmer kálfsins.

 Einstaklingsmerking
Gripanúmer
<input type="text"/> 1266 er næsta lausa númer
Valnúmer
<input type="text"/>
Nafn
<input type="text"/>
Einkenni
<input type="text" value="1, Kollótt"/>
Stofn
<input type="text" value="1, Íslensk"/>
Litur
<input type="text" value="17, Ljósrauð, hryggjótt"/>

Hafi kálfurinn verið seldur af búinu þarf jafnframt að gera grein fyrir hvert hann var seldur.



Flutningur


Dagssetning (dd.mm.áááá)
07.03.2008

Móttökubú
- 1

[Leita](#)

Vista Fleirkelfingur

Með því að smella á **Leita** opnast leitargluggi þar sem leita má að búsnúmeri móttökubús eftir leitarstreng og sveitarfélögum



Loka (Esc)

Bú leit

Leitarstrengur
foss

Sveitarfélag
--

[Leita](#)

Fann 16 bú

Búsnúmer.	Heiti	Sveitarfélag	Umráðamaður	
1339031	Mið-Fossar	Borgarfjarðarsveit	Helgi Gissurarson	Velja
1339091	Syðstu-Fossar	Borgarfjarðarsveit	Unnsteinn Snorri Snorrason	Velja

Þegar skráningu á grip er lokið skal vista eða skrá fleirkelfing eftir því sem við á.

4.4 Skrá fang

Aðgerðin að skrá fang er ætluð til að bændur geti skráð þá gripi sem fá við nautum heima á búinu. Ekki er nauðsynlegt fyrir bændur að skrá sæðingar þar sem sæðingagrunnurinn FANG er tengdur við HUPPU og allar sæðingar eiga því að koma beint inn á gripi á búinu.


Hægt er að velja að skrá fang úr valmynd vinstra megin eða beint úr gripalista.

Skrá fang

→ Fang

* Kýr
 ✓ 0014 Randa

* Beiðslisnúmer

* Dagsetning (dd.mm.áááá)
 

* Naut

[Leita](#)

Sömu reglur gilda við fangskráningu og við afdrifa og burðarskráningu og sams konar leitarvél er notuð til að finna viðkomandi naut. Númer beiðslis kemur sjálfkrafa inn og er þar miðað við aðrar fangskráningar. Vert er að benda á að til að hjálparlistar, s.s. burðarlistar, nýtast sem skyldi er nauðsynlegt að skrá strax allar fangskráningar með heimanautum.

4.5 Staðfesta slátrun

Möguleikinn “**Staðfesta slátrun**” vinnur með sláturgögn frá afurðastöðvum. Markmiðið með þessu er að láta bónda staðfesta förgun á grip og þannig farga honum út af gripalista sínum. Einnig mun þetta veita bóndanum tækifæri á að hafa yfirlit yfir sláturgögn sín.

Staðfesta sláturgögn								
Raðnúmer	Dags.	Sláturröð	Matsflokkur	Þungi	Afurð	Gripur númer	Gripur nafn	Afdrif Aðgerð
3582	14.05.2008	2	0750	202.1	NK		-	--
3933	29.04.2008	2	0675	278	NU		-	--
3935	29.04.2008	3	0755	255.9	NK		-	--
6271	23.01.2008	29	0750	182.4	NK		-	--
6293	23.01.2008	30	0673	269.3	NU		-	--

Með því að velja staðfesta sláturgögn úr valmynd vinstra megin koma upp þau gögn sem borist hafa frá afurðastöðvum fyrir viðkomandi bú.

Sé allt í lagi með gögnin hefur kerfið náð að tengja viðkomandi sláturupplýsingar við grip á búinu og þá birtist númer á grip og nafn ef það er fyrir hendi.

Til að staðfesta eða hafna gögnum er valin aðgerð. Hægt er að samþykkja færslu beint í þeim tilfellum þar sem allt passar og kerfið hefur fundið réttan grip út frá gögnunum. Í þeim tilfellum þar sem kerfið hefur ekki fundið réttan grip getur bóndi valið að setja inn grip með því að velja lifandi grip eða dauðan grip. Munur á að velja lifandi grip og dauðan er sá að sé búið að farga gripnum með því að skrá á hann afdrif þarf að velja dauðan grip en sé gripurinn lifandi í gripalista búsins þarf að velja lifandi grip. Sjái bóndi að ákveðin færsla sé alls ekki gripur á hans búi getur hann valið að hafna færslu. Við það fara upplýsingarnar á villulista kerfisins. Hægt er að fara í gegnum allan listann af sláturupplýsingum og velja viðeigandi aðgerðir við hverja færslu (eða eins margar færslur og á að afgangi í einu) og velja síðan að skrá allar færslur með því að smella á “**Sendu upplýsingar**”

rif Aðgerð

--

--

Velja lifandi grip

Velja dauðan grip

Samþykkja færslu

Hafna færslu

--

4.6 Burðarsaga, flutningssaga og sæðingarsaga

- Mímir gripir
- Gripalisti
- Skrá afdrif
- Skrá burð
- Skrá fang
- Staðfesta slátrun
- Burðarsaga
- Flutningssaga
- Sæðingarsaga



Hægt er að skoða burðarsögu, flutningssögu og sæðingasögu búsins með því að smella á viðeigandi valmöguleika undir Mímir gripir.

Þessar skýrslur er uppbyggð á svipaðan hátt og gripalisti þar sem burðir, flutningur og sæðingar eru birtar eftir dagsetningum. Sömu valmöguleikar eru með síðustillingar og í gripalista þar sem menn geta valið hversu margar færslur eru á síðunni og hoppað á milli síðna. Með því að smella á dálkaheiti breytist uppröðun gripa á listanum miðað við viðkomandi dálk. Þess ber að geta að þessir listar geta verið nokkuð þungir þar sem hér er um að ræða vinnslu sem safnar saman upplýsingum beint upp úr grunni og því gætu notendur með hægari nettengingar þurft að bíða

dálitla stund eftir þessum skýrslum.

Sem dæmi má nefna að í flutningssögu koma í raun allar þær tilfærslur sem verða á grip frá fæðingu til dauða. Því hefst flutningssaga grips ávallt á burði (fæðingu) og endar á förgun.

Til að einfalda vinnu í flutningssögu er hægt að velja ákveðna atburði, s.s. kaup inn á bú, sölu út af búi, slátranir o.s.frv., til þess að gera leit í flutningssögu einfaldari.

Flutningssaga búsins			
Fyrri	Síða 1 af 3	Næsta	29 færslur 10 á síðu
Gripánúmer	Inn	Inn dags.	Frá búi
<input type="text"/>	Keyptur	Frá: <input type="text"/>	<input type="text"/>
		Til: <input type="text"/>	
1338421-0186	Keyptur	10. mar 2008	1338421
1338421-0188	Keyptur	10. mar 2008	1338421
1343611-0997	Keyptur	16. okt 2007	1343611
1340421-0095	Keyptur	17. jan 2007	1340421
1340421-0116	Keyptur	17. jan 2007	1340421

Þess ber einnig að geta að hvar sem blár texti birtist táknar það að hægt sé að smella á viðkomandi færslu til að fá nánari upplýsingar.

Burðarsaga, flutningssaga og sæðingarsaga eru einnig aðgengilegar í upplýsingum um einstaka grip með því að velja viðeigandi flipa.

Skoða grip - 1105 Stjarna	
Gripaupplýsingar	Flutningssaga Sæðingarsaga Burðarsaga
Nafn Stjarna	Kyn Kýr
Einstaklingsnúmer 200413385311105	Einkenni Kollótt

5. Mjólkurskýrslur

Undir valmyndinni Mjólkurskýrslur eru eftirfarandi möguleikar

- Mjólkurskýrslur
- Skoða skýrslur
- Skrá skýrslu
- Skoða kýrsýni
- Skoða tanksýni

5.1 Skrá skýrslu

Til að skrá skýrslu er smellt á “Skrá skýrslu” í valmyndinni. Skráning skýrslu fer fram í fjórum skrefum.

Notandi er minntur á að **burðir** og **afdrif** þurfa að vera skráð áður en skýrsla er skráð því að þeir atburðir ásamt síðustu skýrslu liggja til grundvallar næstu mjólkurskýrslu.

Dagsetja þarf skýrsluna. Ekki er hægt að skrá skýrslu nema búið sé að skila skýrslu fyrri mánaðar.

Hægt er að velja um hvernig gripir raðast á skýrsluna. Valmöguleikar eru gripanúmer, valnúmer og nafn. Mælt er með því að skýrslum sé raðað eftir valnúmeri þar sem bændur eiga gripa með valnúmerum. Hafi ákveðin stilling verið valin í notendastillingum raðast skýrslan eftir þeirri stillingu án þess að sérstaklega þurfi að velja hvernig raða skuli gripum.

Hafi kýrsýni verið tekin má haka í “Skrá sýni” og er þá hægt að skrá númer sýnis við viðkomandi grip.

Einnig er hægt að velja um að skrá kjarnfóður og hafi sú stilling verið valin í notendastillingum þarf ekki að haka í kjarnfóðurskráningu í hvert skipti sem mjólkurskýrsla er skráð.

Skrá mjólkurskýrslu : Skref 1 af 3

Dagsetning skýrslu (dd.mm.áááá)

30.05.2008

Raða skýrslu eftir

Gripanúmeri

Skrá sýni

Skrá kjarnfóður

Áfram »

Skref 2 er skráning á sjálfri skýrslunni. Allar mjólkurkúr búsins eru á skýrslunni en ekki er möguleiki á að skrá mælingu á aðra gripi en þá sem voru með mælingu á síðustu skýrslu og þá sem burður hefur verið skráður á frá skilum síðustu skýrslu.

Litamerkingar á númeri grips gefa til kynna stöðu hans. **Blár** merkir að gripur sé geldur og **Grænn** að gripur sé nýr á skýrslu.

Skrá mjólkurskýrslu : Skref 2 af 3

Mjólkurskýrsla - 09.09.2008 - Hvanneyri

* Gripur er geldur | * Gripur fluttur/nýr

Ný borin	Gripur			Fyrri mæling (8.2008)		Núverandi mæling			
	Númer	Vala	Nafn	Mjólk kg.	Frumutala	Mjólk kg.	Kjarnfóður kg.	Númer sjáis	Ath.
	0014	0014	Randa	23,8	0	0,0	0,0		
	0015	0015	Síða	28,5	0	0,0	0,0		
	0018	0018	Leti	23,6	0	0,0	0,0		
	0020	0020	Betta	30,5	0	0,0	0,0		
	0025	0025	Sirta	16,3	0	0,0	0,0		
	0035	0035	Vilga	19,0	0	0,0	0,0		
	0037	0037	Orifa	0,0	0	-	0,0		
	0041	0041	Bera	15,7	0	0,0	0,0		
	0043	0043	Setja	6,0	0	0,0	0,0		
	0044	0044	Ísaöld	14,0	0	0,0	0,0		
	0045	0045	Fura	12,7	0	0,0	0,0		
	0047	0047	Kúna	16,3	0	0,0	0,0		
	0049	0049	Súð	18,0	0	0,0	0,0		
<input type="checkbox"/>	0052	0052	Bomba	0,0	0	0,0	0,0		

Fyrri mæling kemur fram á skýrslunni og frumutala úr síðustu kýrsýnatöku. Há eða mjög há frumutala er undirstrikuð með blárrí eða rauðri merkingu.

Til að komast í skráningarreit þarf að smella á hann með músinni. **TAB** eða **ENTER** flytur bendilinn svo á milli reita. Að öllu eðlilegu á reiturinn að upplýsast þegar flakkað er á milli og þá er hægt að skrá beint inn í reitinn. Athugasemdir er hægt að skrá með því að smella á athugasemdamerkið aftast í hverri línu. Hægt er að skrá fleiri en eina athugasemd.

Fremst í mjólkurskýrslunni er dálkur sem ber heitið “Nýborin”. Þetta dálkaheiti er í raun stytting á “Nýborin án mælingar” og er reiturinn opinn hjá kúm sem hafa borið eftir síðustu mælingu. Það er þó ekki ætlast til að menn merki við allar nýbornar kúr heldur er þetta til þess ætlað að hægt sé að merkja við þá gripi sem eru svo nýlega bornir við vigtun að ekki er tekin mæling úr þeim. Það er mikilvægt að merkja við slíka gripi svo að hægt sé að gera ráð fyrir þessu í afurðaútreikningum og til þess að gripirnir komi ekki sem geldir inn á næstu skýrslu. Þegar búið er að haka í reitinn nýborinn er því skiljanlega ekki hægt að skrá mælingu á við komandi grip, heldur flyst fyrsta mæling yfir á næstu skýrslu. ATH að hægt er að skrá kjarnfóður á þessa gripi þó að mjólkurmæling sé ekki fyrir hendi.

Þegar lokið er við að skrá skýrsluna er valið að fara yfir í skref 3. Þar er skýrslan yfirfarin. Burðir og afdrif, sem skráð hafa verið frá síðustu skýrslu, koma þarna inn og einnig er vakin athygli á óeðlilegum frávikum í mjólkurmælingu. Vikmörk fyrir

viðvörðun hafa verið sett +/- 10 kg. Vert er að vekja athygli á því að hér er aðeins um ábendingar að ræða en ekki beiðni um leiðréttingu. Vel getur verið að um eðlileg frávik sé að ræða og er þá skýrslan vistuð án breytinga.

Skrá mjólkurskýrslu : Skref 3 af 3 :
Mjólkurskýrsla - 09.09.2008 - Hvanneyri

Gripur			Burbur/Fang			Föngun		Mælingar		
Númer	Yaka	Nafn	Dags	Faðir	Kálfur	L.Dags	Mjólk kg.	Kjarnföður kg.	Númer sýnis	Ath.
0014	0014	Rande	-	-	-	--	13,0	5,0	1	-
0013	0013	Síða	-	-	-	--	13,0	2,0	2	-
0018	0018	Leti	-	-	-	--	25,0	5,0	3	11
0020	0020	Betta	-	-	-	--	20,0	5,0	4	-

Purfi að leiðrétta eitthvað í skýrslunni er hægt að fara til baka en sé skýrslan í lagi er valið að fara áfram og skýrslan er vistuð

Skýrslan fer nú efst á lista yfir skráðar skýrslu og þar til hún hefur verið lesin inn í grunn er hægt að velja að breyta skýrslunni með því að velja þann valmöguleika úr örvahnappi.

Vert er að benda á að einnig er hægt að vista hálfkláraða skýrslu beint úr skrefi tvö með því að velja “**Vista uppkast**”.

5.2 Skoða skýrslur

Eftir að búið er að vista skýrslu, hvort heldur sem er uppkast eða fullkláraða skýrslu, er hægt að ganga í viðkomandi skýrslu sem og aðrar skýrslur búsins með því að velja að skoða skýrslur.

Líkt og í gripalista er hægt að setja inn leitarskilyrði eða raða eftir dálkaheitum. Dagsetning skýrslunnar birtist fremst í línu, tekið er fram hvort sýni var tekið eða ekki og síðan er staða skýrslunnar tilgreind. Skýrslur sem búið er að skila er hægt að skoða með því að smella á skoða aftast í línu viðkomandi skýrslu eða dagsetningu mælingarinnar. Hafi skýrslunni ekki verið skilað hefur hún stöðuna “opin” eða “uppkast” (fer eftir því hvaða vistunarmöguleiki hefur verið valin). Í þeim tilfellum er valflipi (ör) aftast í línunni sem gefur ákveðna valmöguleika ef smellt er á flipann.

Mjólkurskýrslur

Síða 1 af 4 Næsta : 31 færslur : 10 á síðu

Endurstilla Byrja aftur Leita

Mæling dags.	Sýni tekið	Staða	
29. ágú 2008	Nei	Opin	
18. júl 2008	Nei	Opin	
28. jún 2008	Já	Skilað	Skoða
29. maí 2008	Já	Skilað	Skila skýrslu
30. apr 2008	Já	Skilað	Breyta mælingum
30. mar 2008	Já	Skilað	Breyta skýrslu
27. feb 2008	Nei	Lesið úr AS/400	Betta við grip
31. jan 2008	Nei	Lesið úr AS/400	Býta skýrslu

Hægt er að velja að **breyta mælingum** ef leiðrétt þarf einstakar færslur inni í skýrslu sem ekki er búið að skila. Einnig er hægt að **breyta skýrslu** og er þá átt við að hægt sé að breyta grunnforsendum skýrslunnar, s.s. dagsetningu, skráningu á sýni eða kjarnfóðri.

Vanti grip af einhverjum orsökum inn á skýrsluna er hægt að **bæta við grip**. Forsenda þess er þó sú að búið sé að ganga frá öllum burðar- og eða afdrifaskráningum á viðkomandi grip svo að hann sé tækur á mjólkurskýrslu.

Dæmi um tilfelli þegar bæta þarf grip inn á skýrslu eftir á er t.d. ef gleymst hefur að skrá burð á grip áður en mjólkurskýrsla var gerð. Þarf þá að ganga frá burðarskráningu gripsins og síðan bæta honum á skýrsluna með því að velja að bæta við grip.


Vilji menn eyða skýrslu og skrá algerlega upp á nýtt er það hægt.

Sé skýrslan hins vegar tilbúin til uppgjors þarf að skila henni inn með því að velja að skila skýrslu. Þegar skýrslu hefur verið skilað er ekki lengur unnt að komast í þær vinnslur sem hafa verið taldar hér upp.

Í þeim tilfellum er bóndi uppgötvar að villa er í skýrslu, sem þegar hefur verið skilað, er hægt að hafa samband við ráðunaut sem hefur réttindi til að opna skýrslur aftur og gera lagfæringar. Ný skýrsla er síðan gerð upp um leið og skýrslu er skilað aftur.

5.3 Skoða kýrsýni og tanksýni

Möguleikinn að skoða kýrsýni og tanksýni er einnig virkur undir valmyndinni Mjólkurskýrslur. Hægt er að velja ár og mánuð til að skoða ákveðnar sendingar af sýnum. Einnig er vert að benda á að sýnaupplýsingar einstakra gripa eru aðgengilegar úr gripaupplýsingum



Núm.	Naf.	Fit.	Pro.	Lag.	Prs.	Úre.	Pro.	Fjo.	Kas.	PPS.
73035	Kríma	4.23	3.02	4.74	83.00	8.85	0.00	1	2.37	0.44
73036	Skubta	3.71	3.02	4.77	811.00	6.84	0.00	1	2.33	1.61
73037	Friða	4.51	3.40	4.81	2270.00	7.94	0.00	1	2.64	1.37
73038	Lúka	3.34	2.99	4.57	1039.00	6.43	0.00	1	2.30	0.41

6. Skýrslur

Ýmsar skýrslur, sem unnar eru upp úr gögnum búans, eru komnar inn í HUPPU. Þær skýrslur sem nú eru aðgengilegar bændum eru þær sem sjást hér í valmyndinni að neðan. Vert er að minna á að leitarbox og uppraðanir eftir mismunandi dálkum gilda alla jafna í flestum skýrslum líkt og í gripalista.

- Skýrslur ▲
- Burðalisti
- Pentvænar mjólkursk.
- Há frumutala
- Huga að geldstöðu
- Sláturgripir
- Væntanleg beiðsli

6.1 Burðarlisti

Þessi listi sýnir röð væntanlegra burða á búinu. Listinn er unninn upp úr sæðingagögnum og eru burðir listaðir upp í röð frá næsta burðardegi að þeim fjærsta samkvæmt síðustu fangskráningu grips. Númer og nafn gripsins kemur fram ásamt númeri mjaltaskeiðs eða aldri í dögum ef um kvígu er að ræða. Einnig er síðasti burðardagur skráður á listan, ef kýrin hefur borið áður. Væntanlegir burðardagar innan 8 vikna frá deginum í dag eru skráðir með rauðu letri sem áminning um að þessar kýr eigi að vera komnar í geldstöðu.

Kýr og kvígur sem nágast væntalegan burðardag

Númer	Nafn	Mjaltas./Aldur í dögum	Síð. burð.	Síð. umd.	Maut	Dagur í burð	Vænt. burðard.
1158	-	778	-	20. des 2007	06017 Bjómædur	-13	01. okt 2008
1165	-	744	-	07. jan 2008	00043 Bötur	5	19. okt 2008
0043	Selja	3	21. okt 2007	23. jan 2008	06010 Baldi	21	04. nóv 2008
1166	-	741	-	02. feb 2008	00031 Júdas	31	14. nóv 2008
1005	Keila	2	23. okt 2007	06. feb 2008	06014 Halli	35	18. nóv 2008
0219	Sökka	1	27. nóv 2007	06. feb 2008	06014 Halli	35	18. nóv 2008
1087	Stelpa	2	11. jan 2008	14. feb 2008	06040 Reykur	43	26. nóv 2008
1147	Björt	1	25. des 2007	14. feb 2008	06040 Reykur	43	26. nóv 2008
1133	Skíma	1	23. des 2007	18. feb 2008	01028 Spotti	47	30. nóv 2008
1137	Sólógg	1	15. nóv 2007	27. feb 2008	00035 Náttfari	56	09. des 2008
1142	Lína	1	22. des 2007	16. mar 2008	06019 Logi	74	27. des 2008

6.2 Prentvænar mjólkurskýrslur

Hér eru hálfútfylltar mjólkurskýrslur sóttar á pdf formi. Skýrslurnar eru settar upp svipað og gömlu mjólkurskýrslurnar og geta bændur notað þetta form sem vigtarseðla ef þurfa þykir

6.3 Há frumutala

Þessi skýrsla er unnin upp úr kýrsýnum búans. Grunnstilling listans er sú að raða á hann öllum kúm sem hafa mælst með hærri frumutölu en 500.000

Kýr sem hafa háa frumutölu

Númer	Nafn	Mjaltas./Aldur í dögum	Síð. burði.	Síð. sæð.	Dagar frá burði	Fenginn	Frumutala
0229	Urnur	1	09. jan 2008	03. jún 2008	278	Já	3435 (25.06.2008)
0067	Mía	2	23. okt 2007	14. des 2007	308	Nei	2934 (25.06.2008)
1086	Hendla	3	08. jan 2008	23. apr 2008	278	Ja	3014 (25.06.2008)
1087	Steipa	2	11. jan 2008	14. feb 2008	276	Ja	881 (25.06.2008)
1137	Söldogg	1	18. nóv 2007	27. feb 2008	335	Ja	877 (25.06.2008)
0025	Birta	4	22. jan 2008	09. maí 2008	265	Ja	792 (25.06.2008)
0020	Bebbe	4	19. jún 2008	10. okt 2008	118	Nei	718 (25.06.2008)

Eins og áður er númer grips og nafn gefið upp ásamt mjaltaskeiði, síðasta burði, síðustu sæðingu og fjölda daga frá síðasta skráða burði. Dálkurinn “Fenginn” mun gefa til kynna hvort kýrin er álitin með fangi, eða ekki. Síðast í línu kemur svo frumutölumæling og dagsetning mælingarinnar aftan við í sviga.

6.4 Huga að geldstöðu

Listinn “Huga að geldstöðu” vinnur á svipuðum forsendum og burðarlistinn. Hér eru hins vegar aðeins taldar fram mjólkandi kýr sem komnar eru það nálægt burði að þær þurfi að fara að gelda. Grunnstilling listans kallar fram allar kýr sem eiga væntanlegan burðardag innan 70 daga (10 vikna). Hægt er að kalla fram lista sem gefur burði lengra fram í tímann með því að breyta forsendum í reitunum dagar

Mjólkandi kýr sem bera að gelda

Númer	Nafn	Mjaltas./Aldur í dögum	Síð. burði.	Síð. sæð.	Naut	Vænt. burði.	Dagar	Þjárf. frumutallegar aftur í tíma
0043	Selja	3	21. okt 2007	23. jan 2008	06011 Bald	04. nóv 2008	21	132.00 515 806
0219	Sokka	1	27. nóv 2007	06. feb 2008	06014 Heli	18. nóv 2008	35	84.00 36 19
1087	Steipa	2	11. jan 2008	14. feb 2008	06040 Reykur	26. nóv 2008	43	881.00 135 370
1147	Björt	1	25. des 2007	14. feb 2008	06040 Reykur	26. nóv 2008	43	22.00 12 22
1133	Skírn	1	23. des 2007	18. feb 2008	01028 Spotti	30. nóv 2008	47	148.00 169 342
1137	Söldogg	1	18. nóv 2007	27. feb 2008	00028 Náttfari	09. des 2008	56	817.00 77 124

6.4 Sláturgripir

Listinn sláturgripir vinnur úr gripalista búans og er uppbyggður þannig að í honum birtist allir nautkálfar á aldrinum 12-48 mánaða sem til eru á búinu. Með þessu er miðað að því að gefa bóndanum yfirsýn yfir þá gripi sem nálgast sláturaldur eða eru nú þegar komnir á sláturaldur. Nautkálfunum er raðað eftir aldri, frá þeim elsta til þess yngsta. Líkt og með aðra lista er hægt að kalla fram breiðara eða þrengra aldursbil með að breyta forsendunum í dálknum aldur í mánuðum. Einnig er hægt að

kalla fram kvígur eða kýr með því að breyta um kyn, auk þess sem uppröðunum er hægt að breyta eins og í öðrum listum.

Sökugripir

1 af 3 hæsta 21 færslur 10 6 síðu

Endursíla Byrja aftur Leita

Gripanúmer	Nafn	Valnúmer	Kyn	Dags. fæddur	Aldur í mánaðum
1176	Skafgrímur	1176	Kýr	30. nóv 2006	22
1178	-	1178	Kýr	01. des 2006	22
1179	-	1179	Kýr	04. des 2006	22
1182	-	1182	Kýr	11. des 2006	22
1183	-	1183	Kýr	16. des 2006	21
1184	-	1184	Kýr	21. des 2006	21
1186	-	1186	Kýr	22. des 2006	21

6.5 Væntanleg beiðsli

Listinn væntanleg beiðsli er unninn upp úr sæðinga- og fangskráningum. Er honum ætlað að birta væntanlegan sæðingardag allra kúa sem ekki eru með fangi, miðað við síðustu skráðu sæðingu. Einnig birtast þarna þær kvígur sem kominn er tími á að sæða miðað við að þær beri um tveggja ára aldur.

Kýr og kvígur sem ber að sæða

Endursíla Byrja aftur Leita

Númer	Nafn	Kyn	Mjaltas./Aldur í mánaðum	Síð. berð.	Síð. smð.	Núm. smð.	Dag. frá smð.	Næsta beiðsli
1136	Áþena	Kýr 1		05. sep 2008	30. nóv 2007	1	318	15. okt 2008
1118	Skvagna	Kýr 2		14. júl 2008	29. sep 2008	1	14	16. okt 2008
0052	Bomba	Kýr 3		06. sep 2008	30. nóv 2007	1	318	16. okt 2008
1003	Bolla	Kýr 2		09. feb 2008	02. okt 2008	6	11	19. okt 2008
1162	-	Kýr 1		09. sep 2008	-	-	-	19. okt 2008
1190	-	Kvíga 20		-	03. okt 2008	3	10	20. okt 2008
1210	-	Kvíga 15		-	16. sep 2008	1	27	20. okt 2008

7. Uppgjör

Þegar nýrri mjólkurskýrslu hefur verið skilað fer hún strax inn til uppgjörs. Bóndi getur því gengið að uppfærðu uppgjöri búsins daginn eftir að skýrslu hefur verið skilað.

Undir valmyndinni uppgjör er hægt að skoða annars vegar yfirlit bús og hins vegar yfirlit kúa

- Uppgjör
- Bú yfirlit
- Yfirlit kúa

7.1 Bú yfirlit

Ef valið er að skoða yfirlit búsins er kallað fram yfirlit yfir helstu uppgjörstölur allra mánaða sem til eru skýrslur fyrir. Uppgjörum er raðað í tímaröð þar sem nýjasta uppgjör kemur efst.

Úr listanum er hægt að fá yfirlit yfir helstu tölur síðustu mánaða. Birtar eru tölur yfir fjölda kúa á skýrslu, fjölda árskúa, heildarmjólkurmagn mánaðarins samkvæmt mjólkurmælingum og heildar kjarnfóðurmagn mánaðarins samkvæmt kjarnfóðurskráningu. Meðal fitu- og próteinhlutfall mánaðarins eru einnig birt. Aftast í uppgjörsyfirliti hvers mánaðar birtast síðan afurðir og prótein á árskú miðað við síðustu 12 mánuði.



Staðir	Bú	Bú	Fitu	Prótein	Heildarmjólkur	Mjólkur	Heildarfitu	Heildarprótein	Mjólkskó	Próteinskó
1	10012 Hólmeyri	10012 Hólmeyri	87	81.3	10000	10000	4.21	3.81	500	1.40
2	10013 Hólmeyri	10013 Hólmeyri	86	81.8	20074	10000	4.27	3.81	500	1.40
3	10012 Hólmeyri	10012 Hólmeyri	88	82.8	2400	10000	3.84	3.81	500	1.40
4	10012 Hólmeyri	10012 Hólmeyri	88	80.4	10000	10000	3.81	3.81	500	1.40
5	10012 Hólmeyri	10012 Hólmeyri	88	80.8	10000	10000	4.01	3.81	500	1.40
6	10013 Hólmeyri	10013 Hólmeyri	87	85.7	10000	10000	4.38	3.87	500	1.40

Hægt er að fá ýtarlegra uppgjör fyrir hvern mánuð með því að smella á Búsheiti sem er skrifað með bláum texta í dálkinn "Bú".

Opnast þá gluggi sem birtir ýtarlegt uppgjör mánaðarins fyrir búið

10 á síðu			Loka (Esc)
Uppgjör ágúst 2008	Staða hjarðarinnar	Niðurstöður síðustu 12 mánaða	
Afurðir 27185.5 kg.	Kýr 57	Fjöldi árskúa 61,3	
Kjarnfóður 11168.8 kg.	Geldar kýr 7	Fjöldi heilsárskúa 43	3.
Magn próteins 922 kg.	Nýjar kýr 0	Fjöldi kýrsýna 8	3.
Próteinhlutfall 3,39%	Kálfsugur og aðrar kýr 2	Afurðir á árskú 5382 kg.	3.
Magn fitu 1147 kg.	Kvígur eldri en 12 mánaða 37	Afurðir 330160 kg.	3.
Fituhlutfall 4,22%	Kvígur yngri en 12 mánaða 20	Kjarnfóður 63132 kg.	3.
	Naut 57	Magn próteins á árskú 183 kg.	3.
	Gripum fargað 0	Próteinhlutfall 3,40%	3.
		Magn fitu á árskú 220 kg.	3.
		Fituhlutfall 4,08%	3.

107 Reykjavík
Sími: 5630300 - Fax: 5623058
Tölvudæla Ef

Uppgjörinu er skipt upp í þrjá hluta. Fremsti dálkurinn inniheldur uppgjörstölur þess mánaðar er valin var. Heildarafurðir mánaðarins, annars vegar, og gefið kjarnfóður, hins vegar, er sett fram sem samölur miðað við skráða nyt og kjarnfóðurgjöf. Hlutfall og magn verðefna er reiknað út fyrir meðalgrip á búinu.

Miðjudálkurinn gefur yfirliti yfir stöðu hjarðarinnar í mánuðinum. Hversu margar kýr voru á skýrslu. Hversu margar voru geldar og hversu margar nýjar kýr komu inn á skýrslu. Þar á eftir fylgir yfirlit yfir aðra gripi búans en þær mjólkurkýr sem koma á mjólkurskýrslu.

Í síðasta dálki er ársyfirlit síðustu 12 mánaða þar sem fram kemur fjöldi árskúa, fjöldi heilsárskúa og hversu oft hafa verið tekin kýrsýni síðastliðna 12 mánuði. Afurðatölur síðastliðna 12 mánuði eru síðan listaðar.

7.2 Yfirlit kúa

Til að sjá uppgjör einstakra gripa er valið að skoða uppgjör kúa. Kemur þá listi með einstaklingsuppgjöri mjólkurkúa á búinu. Líkt og í yfirliti bús eru hér birtar helstu yfirlitstölur úr uppgjöri einstakra kúa þar sem fyrst eru listaðar tölur viðkomandi mánaðar en þar á eftir ársafurðir gripisins, dagafjöldi á skýrslu og próteinprósenta gripisins yfir síðustu 12 mánuði.

Nafn	Ár	Bú	Þýð	Fituá.	Próteín	Próteín	Ársafurð	Dagaf.	Próteínprós.
Kú	2008	0014 Randa	002 Randa	200,0	34,1	3,50	1800,0	70	3,37
Kú	2008	0014 Randa	002 Randa	400,0	34,1	3,50	1800,0	70	3,37
Kú	2008	0014 Randa	002 Randa	400,0	34,1	3,50	1800,0	70	3,37
Kú	2008	0014 Randa	002 Randa	400,0	34,1	3,50	1800,0	70	3,37
Kú	2008	0014 Randa	002 Randa	400,0	34,1	3,50	1800,0	70	3,37
Kú	2008	0014 Randa	002 Randa	400,0	34,1	3,50	1800,0	70	3,37
Kú	2008	0014 Randa	002 Randa	400,0	34,1	3,50	1800,0	70	3,37

Úr þessu yfirliti er hægt að kalla fram ítarlegra yfirlit búsins viðkomandi mánuð með því að smella á búsheitið í dálknum “Bú”. Jafnframt er hægt að kalla fram ítarlegra uppgjör gripisins með því að smella á nafn eða númer gripisins í dálknum “Kýr”.

0014 Randa (Lifandi)	
Uppgjör ágúst 2008	Niðurstöður síðustu 12 mánaða
Mjaltaskeið	Afurðir
5	7097,2 kg.
Síðasti burður	Magn kjarnfóðurs
17.08.2008	796,0 kg.
Fengin	Fjöldi sýna
Nei	7
Geldstaða (mánuðir)	Magn próteins
2	248,0 kg.
Fjöldi sýna frá síðasta burði	Próteinhlutfall
0	3,50%
Afurðir	Magn fitu
285,6 kg.	290,0 kg.
Magn kjarnfóðurs	Fituhlutfall
60,0 kg.	4,08%
Magn próteins	Heildarmagn verðefna
10,0 kg.	538,0 kg.
Próteinhlutfall	
3,37%	
Magn fitu	
12,0 kg.	
Fituhlutfall	
4,04%	
Heildarmagn verðefna	
22,0 kg.	
Frumutala	
0	

Opnast þá gluggi sem sýnir ítarlegt uppgjör gripis fyrir valinn mánuð. Hér stendur fyrri dálkurinn fyrir uppgjör viðkomandi mánaðar en sá seinni fyrir uppgjör síðustu 12 mánaða þar sem farið er í gegnum stöðu gripisins hvað varðar burð og fjölda mjaltaskeiða. Fjöldi kýrsýna frá síðasta burði sem og afurða tölur fyrir mánuðinn og síðustu 12 mánaða.